

Fundargerð

Fundur í stjórn Kvennasmiðjunnar ehf. haldinn föstudaginn 10. maí 2019 kl. 11:00 í Geysi.

Mættir voru: Gauti Jóhannesson, Kristján Ingimarsson og Eðvald Smári Ragnarsson.

Samþykkt var að Gauti stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. **Ársreikningur 2018**

Farið var yfir ársreikning 2018 og hann undirritaður. Eðvald gerir athugasemdir við háan lögfræði- og reikningsskilakostnað og leggur til að leitað verði leiða til að lækka hann.

2. **Kvennasmiðjan ehf. – Erindi er varða slit á félaginu**

Vísað er til fyrirliggjandi bókunar Djúpvogshrepps dags. 13. desember 2018, þar sem tekið er undir sjónarmið Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands um að félagið Kvennasmiðjan ehf. verði leyst upp í ljósi þess að engin starfsemi er í félaginu. Í erindum þessum felst að viðkomandi hluthafar æskja slita á félaginu. Formanni stjórnar, f.h. stjórnar, er falið að boða hluthafafund í Kvennasmiðjunni, þar sem eftirfarandi tillaga verður á dagskrá:

Lagt er til að Kvennasmiðjunni ehf. skuli slitið í samræmi við ákvæði 85. gr. einkahlutafélagalaga. Félagsstjórn er falið að láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið og boða til annars hluthafafundar innan mánaðar þar sem hann verður lagður fram ásamt tillögu um skipan tveggja manna skilanefndar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:25

Fundargerð staðfest, prentuð út og undirrituð.